



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍKINGUR SPILAR KEISARAKONSERTINN

8. & 9. NÓVEMBER 2012





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Keisarakonsertinn: 38'00"

Kristur á Olúfjallinu: 55'00"

Et exspecto: 30'00"

Kristur á Olúfjallinu: söngtextar á bls. 13.

Et exspecto: textar á bls. 12.

BAKHJARLAR:

VÍS



GAMMA

VÍKINGUR SPILAR KEISARAKONSERTINN

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 8. OG 9. NÓVEMBER 2012 » 19:30

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari
Herdís Anna Jónasdóttir,
Sveinn Dúa Hjörleifsson og
Jóhann Smári Sævarsson einsöngvarar
Mótettukór Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri

Ludwig van Beethoven *Píanókonsert nr. 5 í Es-dúr, op. 73 (1809)*
Allegro
Adagio un poco mosso
Rondo: Allegro ma non troppo

Hlé

Ludwig van Beethoven *Kristur á Olúfjallinu, op. 85 (1803)*

Eftirleikur 8. nóvember kl. 22:00

Olivier Messiaen *Et exspecto resurrectionem mortuorum (1964)*
fyrir tré- og málmblásara ásamt slagverki



Ilan Volkov

hljómssveitarstjóri

Ilan Volkov, aðalhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitar Íslands (f. 1976), hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa hjá Sinfóníuhljómssveitinni í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómssveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að gegna slíkri stöðu við bresku útvarps-hljómssveitirnar. Hann stýrði hljómssveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátíðunum og lagði áherslu á flutning nýrra verka. Volkov lét af starfinu í Skotlandi árið 2009 og tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómssveitar Íslands í september 2011.

Meðal þeirra hljómssveita sem hann stýrir reglulega eru Fílharmóníuhljómssveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómssveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómssveitin í Washington. Volkov er einnig mikils metinn óperustjóri og hefur stýrt Lundúnafílharmóníunni í *Draumi á Jónsmessunótt* eftir Britten á Glyndebourne-hátíðinni, *Peter Grimes* við Þjóðaróperuna í Washington, *Evgéní Ónégin* við San Francisco-óperuna og *The Rise and Fall of the City of Mahagonny* eftir Kurt Weill við óperuna í Toulouse.

Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af hljómssveitarverkum Benjamins Britten. Samtímatónlist er Ilan Volkov hugleikin og hlaut tónlistarhátíðin Tectonics sem Sinfóníuhljómssveit Íslands hélt í fyrsta sinn í mars á síðasta starfsári undir listrænni stjórn Volkovs hvarvetna frábæra dóma.



Víkingur Heiðar Ólafsson

einleikari

Veturinn 2012-13 er annasamur hjá Víkingi Heiðari Ólafssyni en ásamt því að leika tvo píanókonserta með Sinfóníuhljóm- sveit Íslands á starfsárinu verður hann með einleikstónleika á Busoni og MITO tónlistarhátíðunum á Ítalíu og í Kennedy Center í Washington. Víkingur heldur tónleika í Royal Festival Hall í London, leikur *Píanókonsert* Griegs með Norsku Útvarps- hljómsveitinni og hefur samstarf við klarínettuleikarann og tónskáldið Mark Simpson. Jafnframt lýkur Víkingur við gerð tíu sjónvarpsþátta um tónlist fyrir RÚV og leikur á upptökum fyrir BBC.

Víkingur stundaði píanónám hjá Erlu Stefánsdóttur, Svönu Víkingsdóttur og Peter Máté við Tónlistarskólann í Reykjavík og framhaldsnám hjá Jerome Lowenthal og Robert McDonald við Juilliard skólann í New York. Hann hefur ferðast víða og frumflutt píanókonserta eftir Snorra Sigfús Birgisson, Daníel Bjarnason og Hauk Tómasson. Víkingur hefur starfað með tónlistarmönnum á borð við Vladimir Ashkenazy, Martin Fröst og Roberto Abbado og leikið einleik með fjölda hljómsveita, meðal annarra Juilliard Orchestra, Turku Philharmonic og Ulster Orchestra.

Víkingur er stofnandi og listrænn stjórnandi tónlistarhátíðar- innar Reykjavík Midsummer Music sem haldin var í fyrsta sinn í júní 2012. Hann hefur gefið út tvo einleiksgeisladiska hjá eigin útgáfufyrirtæki, Dirrindí: Debut með verkum eftir Beethoven og Brahms árið 2009 og Bach/Chopin árið 2011.

Í nóvember kemur út geisla-og mynndiskur hjá Dirrindí með *Vetrarferð* Schuberts. Af því tilefni halda Víkingur og Kristinn Sigmundsson útgáfutónleika í Hörpu þar sem þeir flytja verk eftir Schumann, Wolf og Mahler.

Á heimasíðu Víkings, vikingurolafsson.com, er að finna margs konar fróðleik, tónlist, fréttir, myndbrot og fleira.

Hörður Áskelsson

kórstjóri



Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlega orgelsumarsins.

Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt flestar helstu perlur kórbókmenntanna bæði með og án undirleiks. Þá hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað á undanförunum árum og má meðal annars nefna *Passíu* eftir Hafliða Hallgrímsson, óratóriuna *Cecílu* eftir Áskel Mátsson og Thor Vilhjálmsson og *Fléttu* eftir Hauk Tómasson sem var frumflutt á Listahátíð í Reykjavík 2011.

Sem organisti hefur Hörður haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu meðal annars í Köln, París og Helsinki. Hann hefur hlotið margs háttar viðurkenningu fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2001, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002.

Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla þjóðkirkjunnar og á árunum 1985-1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður gegndi embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar árin 2005-2011.



Herdís Anna Jónasdóttir

einsöngvari

Herdís Anna Jónasdóttir lærði söng við Tónlistarskóla Ísa-fjarðar, Listaháskóla Íslands hjá Elísabetu Erlingsdóttur og Hanns-Eisler tónlistarháskólann í Berlín hjá Brendu Mitchell, Juliu Varady og Önnu Samuil. Herdís hefur komið fram á tónleikum og í óperuuppfærslum hér heima og erlendis en í mars síðastliðnum söng hún hlutverk Musettu í *La Bohème* í uppfæslu Íslensku óperunnar. Í Berlín hefur hún meðal annars sungið við Staatsoper Unter den Linden, Komische Oper og Neuköllner Oper. Meðal hlutverka hennar má nefna Adele í *Leðurblökunni*, Mélisande í *Pelléas et Mélisande*, Zerlinu í *Don Giovanni*, Romildu í *Xerxes*, Gildu í *Rigoletto* og Woglinde í *Das Rheingold*. Herdís söng hlutverk Pamínu í *Töfraflautunni* á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2010. Herdís starfar nú í Alþjóðlega óperustúdíóinu við óperuna í Zürich en þar hefur hún meðal annars sungið hlutverk Barenu í *Jenufa* undir stjórn Fabio Luisi og Patrick Lange.



Sveinn Dúa Hjörleifsson

einsöngvari

Að loknu burtfararprófi við Söngskóla Sigurðar Demetz í Reykjavík stundaði Sveinn framhaldsnám við Universitát für Musik und darstellende Kunst í Vínarborg. Á óperusviðinu hefur Sveinn sungið víða og þau hlutverk sem hann hefur oftast flutt eru Ferrando í *Cosí fan tutte*, Tamino í *Töfraflautunni*, Don Ottavio í *Don Giovanni*, Belmonte í *Brottnáminu úr kvennabúrinu* og Lensky í *Eugene Onegin*. Sveinn hefur meðal annars sungið með Wiener Akademie í Musikkverein í Vínarborg og Sinfóníuhljómsveit Íslands á opnunartónleikum í Hörpu. Auk þess hefur hann sungið á fjölda tónleika og í óperusýningum víða innan Evrópu og utan. Sveinn er fastráðinn við Landestheater Linz í Austurríki næstu tvö leikár þar sem hann mun meðal annars koma fram sem Taminó í *Töfraflautunni*, Ernesto í *Don Pasquale* og Ferrando í *Cosí fan tutte*.



Jóhann Smári Sævarsson

einsöngvari

Jóhann Smári Sævarsson stundaði framhaldsnám við sameiginlega óperudeild Royal College og Royal Academy of Music í London. Að námi loknu réði Jóhann Smári sig við Kölnaróperuna og söng þar í þrjú ár. Jóhann var einnig fjögur ár við óperuna í Regensburg. Jóhann hefur sungið sem gestasöngvari við fjölda óperuhúsa í Evrópu. Hann hefur starfað með ýmsum þekktum hljómsveitastjórum eins og Bernard Haitink, Kent Nagano, James Conlon og Gennadi Rozhdestvensky og hljómsveitum á borð við London Philharmonic, BBC Concert Orchestra, Gurzenich Orchester og WDR útvarpshljómsveitina í Köln. Jóhann hefur sungið 58 óperuhlutverk á ferlinum. Meðal verka sem Jóhann Smári hefur flutt á tónleikum eru *Requiem* eftir Verdi og Mozart, *9. sínfónía* Beethovens, *8. sínfónía* Mahlers og *Sköpunin* eftir Haydn. Jóhann Smári var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2010 sem rödd ársins. Jóhann hlaut Súluna, Menningaverðlaun Reykjanesbæjar 2011.

Mótettukór Hallgrímskirkju

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur frá stofnun árið 1982 verið meðal fremstu kóra Íslands en kórinn fagnar 30 ára afmæli sínu í ár. Á verkefnalista kórsins má finna fjölmargar óratóur, passíur og sálumessur, auk kórverka án undirleiks frá ýmsum tímum, en oft er um að ræða frumflutning á íslenskum verkum. Mótettukórinn hefur farið í margar tónleikaferðir og fór seinast haustið 2011 til Austurríkis og Þýskalands í tengslum við bókasýninguna í Frankfurt. Framundan er flutningur kórsins á *Jólaóratóru* Bachs í Hörpu. Mótettukórinn hefur oft sungið með Sinfóníuhljómsveitinni, meðal annars á tvennum tónleikum sveitarinnar á síðasta starfsári, í *c-moll messu* Mozarts í mars og *Níundu sínfóníu* Beethovens í júní. Söng kórsins má heyra á fjölmörgum geisladiskum meðal annars á vegum útgáfu-fyrirtækisins BIS en jafnframt hafa jólaplötur kórsins notið mikilla vinsælda.



Ludwig van Beethoven

Píanókonsert nr. 5 í Es-dúr, op. 73 „Keisarakonsertinn“

Keisarakonsertinn eftir Ludwig van Beethoven (1770-1827) er sá síðasti og tignarlegasti í röð fimm píanókonserta. *Keisarakonsertinn* var saminn árið 1809 en frumfluttur í nóvember 1811 í Leipzig af Friedrich Schneider og Gewandhaus hljómsveitinni. Tæpum þremur mánuðum síðar, í febrúar 1812, flutti nemandi Beethovens, Carl Czerny, konsertinn í Vín. Konsertinn er eitt af krúnudjásnum píanótónbókmenntanna, þar sem miklar kröfur eru gerðar til einleikarans sem settur er jafnfætis hljómsveitinni, krafturinn kyngimagnaður og fegurð og meðferð stefjaefnisins einstök. Beethoven nefndi konsertinn ekki *Keisarakonsertinn* en talið er að nafngiftin komi frá útgefandanum og píanóleikaranum John Cramer.

Keisarakonsertinn er eini píanókonsertinn sem Beethoven gat ekki frumflutt sjálfur, sökum heyrnarleysis. Konsertinn er í þremur þáttum þar sem fyrsti þátturinn er lengri en þeir tveir síðari samanlagt en viðlíka jafnoki í konsertum kom ekki fram á sjónarsviðið fyrr en hálfri öld síðar með konsertum Brahms. Upphaf konsertsins er sannkölluð flugeldasýning einleikarans sem gefur fyrirheit um það sem koma skal. Þegar upphafstökum fyrsta þáttar er lokið er fyrsta stefið kynnt til leiks sem er uppspretta flestra þeirra stefjabrota sem Beethoven vinnur úr síðar í konsertinum. Annað stef fyrsta þáttar er eins konar göngustef eða mars, fyrst kynnt í moll en síðar í dúr. Undir lok fyrsta þáttar tíðkaðist að einleikarar léku eigin einleikskadensu en í *Keisarakonsertinum* samdi Beethoven kadensuna sjálfur og skóp þar með hefð fyrir önnur tónskáld sem á eftir fylgdu. Annar þátturinn er ægifagur og hefst á innilegu stafi í strengjunum en píanóleikarinn er eins og skáldagyðja sem vefur finlegan og lagrænan vefnað yfir hljómsveitarútsetninguna. Annar þátturinn leiðir hlustandann án hlés í upphafsstef þriðja þáttar, rondóstefið. Lokapátturinn er kraftmikill, hraður og gáskafullur þar sem rondóstefið birtist sífellt á milli annarra stefja í ólíkum tóntegundum og lýkur á tilkomumiklum endasprenni einleikarans.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Keisarakonsert Beethovens hefur margsinnis verið leikinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Árni Kristjánsson lék konsertinn í Þjóðleikhúsinu 1955 undir stjórn Olavs Kielland en meðal annarra einleikara eru: Vladimir Ashkenazy 1965 og 1970, Emil Gilels 1976, Halldór Haraldsson 1989, Freddy Kempt 2004 og Saleem Abboud Ashkar 2009.



Ludwig van Beethoven

Kristur á Olúfjallinu, op. 85

Óratórían *Kristur á Olúfjallinu* er nú flutt í fyrsta sinn á Íslandi. Óratórían, sú eina sem Beethoven samdi, er fyrir einsöngvara, kór og hljómsveit. Einsöngvararnir þrír, sópran, tenór og bassi, eru í hlutverkum ljósengilsins, Jesú og Péturs postula en kórinn er í hlutverkum englakórs, kórs hermanna og kórs lærisveina. Textinn lýsir angist Jesú í Getsemanegarðinum til þeirrar stundar þegar hann er tekinn höndum. Lokabáttur óratóríunnar er englakór, fagnandi Hallelúja, sem endar í dýrðlegri fúgu. Mikilfengleiki og kraftur í Hallelújabætti verksins á sér fáar hliðstæður.

Óratórían, sem Beethoven samdi á skömmum tíma í upphafi árs 1803, var ætluð til flutnings í Theater an der Wien á föstu þegar leikhúsuppfærslur voru bannaðar. Með óratóríunni kvaddi Beethoven sér hljóðs í Vín, í fyrsta sinni, sem höfundur dramatíks verks fyrir söngradir. Óratórían var frumflutt á tónleikum 5. apríl 1803 þar sem *Sinfónía nr. 2* og *Píanókonsert nr. 3*, með Beethoven í hlutverki einleikarans, heyrðust jafnframt í fyrsta sinni. Textaskáld óratóríunnar, Franz Xaver Huber, var einn vinsælasti librettisti Vínarópera þess tíma. Engu að síður sá útgáfufyrirtækið Breitkopf & Härtel sig knúid til að fara fram á breytingar á texta fyrir útgáfu verksins þar sem textinn þótti ekki nógu góður. Beethoven svaraði útgefendunum á þessa leið: „... textinn verður að vera upprunalegur. Ég veit að hann er ekki haganlega gerður en þegar heilt verk hefur verið samið útfrá tilteknum texta þá er erfitt að komast hjá eyðileggingu með einstaka breytingum jafnvel þó textinn teljist slæmur...“ Óratórían ber hátt ópusnúmer, op.85, og skýrist það af útgáfuárinu sem var tæpum áratug eftir að verkið var samið.

Óratórían var alloft flutt á 19. öldinni en í dag er flutningur á verkinu fremur fátíður. Engu að síður býr óratórían yfir ákveðnum þokka þó tónlist Beethovens hafi ekki náð þeim hæðum hvað þroska og trúarlegan styrk varðar sem heyra má í *Missa Solemnis* (1823).



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Árið 1988 lék Sinfóníuhljómsveit Æskunnar „*Et exspecto resurrectionem mortuorum*“ í Langholtskirkju undir stjórn Paul Zukofskys en Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur verkið nú í fyrsta sinn. Í *Dagblaðinu Vísi*, 11. mars 1988, birtist gagnrýni um tónleika SÆ eftir Leif Þórarinsson: „Hljómurinn er ótrúlegur, Zukofsky fékk krakkana til að leika þetta af skínandi krafti og blásaklausri fantatík. Það hlaut að koma að því að íslenskir músikunnendur fengu að heyra meiriháttar Messiaen...“

Olivier Messiaen

Et exspecto resurrectionem mortuorum

Tónlist franska tónskáldsins Olivier Messiaen (1908-1992) var samin af trúrækni, lotningu og djúpri virðingu fyrir náttúrunni. Á uppvaxtarárunum bjó hann í frönsku ölpunum, umhverfi sem var honum alla tíð athvarf til tónsmíða ásamt kaþólsku trúnni. Allt frá unglingsárunum var Messiaen hugfanginn af fuglasöng sem var honum óþrjótandi efniviður til tónsköpunar. Litir voru honum hagleiknir til að lýsa hljómunum og blæ og hann hafði djúpa þörf til að tjá trúarlegar hugmyndir í tónlist sinni.

Umfang *Et exspecto resurrectionem mortuorum* (1964) er stærra og meira en í fyrri tónsmíðum Messiaens fyrir blásara og slagverk. Verkið er ætlað til flutnings í stærri rýmum eða eins og tónskáldið sagði: „Í kirkjum, dómkirkjum og jafnvel utandyra og í fjalllendi.“ *Et exspecto* er samið sem einskonar íhugun um dauðann út frá upprisu Krists og kallast þannig á við heim eða veröld sem er ókomin eða má vænta. Verkið var frumflutt árið 1965 í La Sainte-Chapelle í París undir stjórn Serge Baudo, í kjöraðstæðum að mati tónskáldsins „þar sem bláir, rauðir, gylltir og fjólubláir litir í steindum gluggum kirkjunnar kölluðust á við hljóðheim tónverksins.“ *Et exspecto* er í fimm þáttum þar sem tónskáldið notar tilvitnanir í ritninguna sem yfirskrift fyrir hvern þátt (sjá bls. 12). Verkið hefst á einradda laglínu sem leikin er af dýpstu hljóðfærum hljómsveitarinnar. Laglínan minnir á sálmalag og lýsir ópum sála í hreinsunareldi. Annar þáttur er táknræn lýsing á upprisu Krists þar sem tónskáldið notar indversku hrynmynstrin simhavikrama (kraftur ljónsins) og vijaya (sigur) sem táknmyndir af sigri yfir dauðanum. Þriðji þáttur lýsir stundinni þegar hinir látnu heyra rödd guðssonar. Í kaflanum notar Messiaen söng Uirapuru-fuglsins úr Amazonfrumskóginum sem samkvæmt þjóðsögu heyrast aðeins á dánarstundu. Í fjórða þætti er upprisu látinna fagnað. Tvö sálmalög úr páskamessunni ásamt söng lævirkjans, leiknum af tréblásurum, eru flutt í stuttum hend-ingum en á milli þeirra heyrast þrjú slög leikin á tamtam sem tákn heilagrar þrenningar. Fimmti þátturinn er kraftmikill og alvarlegur lofsöngur um upprisuna.

Hjördís Ástráðsdóttir

Et exspecto resurrectionum mortuorum

I. *«Des profondeurs de l'abîme, je crie vers toi,
Seigneur. Seigneur, écoute ma voix!»*
(Psaume 130, 1–2)

II. *«Le Christ, ressuscité des morts, ne meurt plus; la
mort n'a plus sur lui d'empire.»*
(Romains 6, 9)

III. *«L'heure vient où les morts entendent la voix
du Fils de Dieu ... »*
(Jean 5, 25)

IV. *«Ils ressusciteront glorieux, avec un nom nou-
veau — dans le concert joyeux des étoiles et les ac-
clamations des fils du ciel.»*
(I Corinthiens 15, 43 — Apocalypse 2, 17 — Job 38, 7)

V. *«Et j'entendis la voix d'une foule immense ... »*
(Apocalypse 19, 6)

Og ég vænti upprisu dauðra

I. „Úr djúpinu hrópa ég til þín, Drottinn. Herra,
heyr þú rödd mína.“
(Dávíðssálmur 130:1–2)

II. „Kristur, uppvakinn frá dauðum, deyr eigi fra-
mar; dauðinn drottmar eigi lengur yfir honum.“
(Rómverjabréfið 6:9)

III. „Sú stund kemur að dauðir munu heyra rödd
guðssonarins ...“
(Jóhannes 5:25)

IV. „Þeir munu upp rísa í vegsemd, með nýtt
nafn — við gleðisöng stjarnanna og fögnuð sona
himinsins.“
(I Korintubréf 15:43 — Opinberun 2:17 — Jobsbók
38:7)

V. „Og ég heyrði rödd mikils skara ...“
(Opinberun 19:6)

Christus am Ölberge

1. Introduction, Rezitativ und Arie

Rezitativ

Jesus:

Jehovah, du mein Vater!
O sende Trost und Kraft und Stärke mir.
Sie nahet nun, die Stunde meiner Leiden,
von mir erkoren schon, noch eh' die Welt
auf dein Geheiß dem Chaos sich entwand.
Ich höre deines Seraphs Donnerstimme.
Sie fordert auf, wer statt der Menschen sich
vor dein Gericht jetzt stellen will.
O Vater! Ich erschein' auf diesen Ruf.
Vermittler will ich sein, ich büße,
ich allein, der Menschen Schuld.
Wie könnte dies Geschlecht, aus Staub gebildet,
ein Gericht ertragen, das mich, deinen Sohn,
zu Boden drückt? Ach sieh', wie Bangigkeit,
wie Todesangst mein Herz mit Macht ergreift!
Ich leide sehr, mein Vater!
O sieh! Ich leide sehr, erbarm' dich mein!

Arie

Jesus:

Meine Seele ist erschüttert
von den Qualen die mir dräun.
Schrecken faßt mich, und es zittert
gräßlich schauernd mein Gebein.

Wie ein Fieberfrost ergreiftet
mich die Angst beim nahen Grab,
und von meinen Antlitz träufet,
statt des Schweisses, Blut herab.

Vater! Tief gebeugt und kläglich,
fleht dein Sohn hinauf zu dir:
Deiner Macht ist alles möglich,
nimm den Leidenskelch von mir!

Kristur á Ölufjallinu

1. Inngangur, söngles og aría

Söngles

Jesús:

Jehóva, faðir minn!
Ó sendu mér huggun og afl og styrkleik,
nú nálgast hún, stund þjáninga minna,
sem ég hafði þegar kosið mér, áður en heimurinn
leysti sig úr óskapnaðinum að boði þínu.
Ég heyri þrumuraust ljósengils þíns.
Hún skorar á þann sem vill gefa sig fram
við dómstól þinn fyrir hönd mannanna.
Ó faðir! Ég svara þessu kalli.
Ég vil vera meðalgangari, ég, ég einn,
vil friðþægja fyrir misgjörðir mannanna.
Hvernig ætti þeirra kyn, risið úr dusti,
að þola þann dóm, sem beygir mig, son þinn,
til foldar? Æ sjá, hve kvíði
og dauðaangist heltekur hjarta mitt með valdi!
Ég þjáist mjög, faðir minn!
Ó sjá! Ég þjáist mjög, miskunna þú mér!

Aría

Jesús:

Sál mín nötrar
af kvölunum sem ógna mér.
Skelfing grípur mig, og bein mín
titra af ógurlegum hryllingi.

Eins og hitahrollur heltekur
angistin mig við grafarnánd,
og af andliti mínu drýpur
blóð í stað svita.

Faðir! Álútur og sárhryggur
ákallar sonurinn þig:
Allt er gerlegt valdi þínu,
tak frá mér þennan kvalakaleik!

2. Rezitativ, Arie und Chor

Seraph:

Erzittre, Erde, Jehova's Sohn liegt hier,
sein Antlitz tief in Staub gedrückt,
vom Vater ganz verlassen,
und leidet unnennbare Qual.
Der Gütige! Er ist bereit,
den martervollsten Tod zu sterben,
damit die Menschen, die er liebt,
vom Tode auferstehen und ewig leben!

Arie

Seraph:

Preist des Erlösers Güte,
preist, Menschen, seine Huld!
Er stirbt für euch aus Liebe,
sein Blut tilgt eure Schuld.

Chor

Seraph, Chor der Engel:

O Heil euch, ihr Erlösten,
euch winket Seligkeit,
wenn ihr getreu in Liebe,
in Glaub' und Hoffnung seid.
Doch weh! die frech entehren
das Blut, das für sie floß,
sie trifft der Fluch des Richters,
Verdammung ist ihr Los!

3. Rezitativ, und Duett

Rezitativ

Jesus:

Verkündet, Seraph, mir dein Mund.
Erbarmen meines ew'gen Vaters?
Nimmt er des Todes Schrecknisse von mir?

Seraph:

So spricht Jehova: Eh' nicht erfüllet ist
das heilige Geheimnis der Versöhnung,
so lange bleibt das menschliche Geschlecht
verworfen und beraubt des ew'gen Lebens.

2. Söngles, aría og kór

Ljósengill:

Gnötraðu, jörð, hér liggur sonur Jehóva,
andliti hans er þrýst niður í dustið,
hann er yfirgefinn af föðurnum
og líður ósegjanlega kvöl.
Hinn góðviljaði er reiðubúinn
að deyja kvalafyllsta dauðdaga
til að mannkynið, sem hann elskar,
rísi upp frá dauðum og lífi að eilífu.

Aría

Ljósengill:

Lofið gæzku frelsarans,
lofið, mannfólk, náð hans!
Hann deyr fyrir yður af kærleika,
blóð hans afmáir sök yðar.

Kór

Ljósengill, kór englanna:

Ó heill yður, þér hinir frelsuðu,
yðar bíður unaðarsæla,
ef þér eruð trygglyndir
í kærleika, trú og von.
En vei! Þeir sem í óskammfeilni forsmá
blóðið sem fyrir þá var úthellt,
þeir verða fyrir bölvun dómarsans,
fordæming er hlutskipti þeirra!

3. Söngles og dúett

Söngles

Jesús:

Boðar, ljósengill, munnur þinn mér
miskunn míns eilífa föður?
Tekur hann frá mér skelfing dauðans?

Ljósengill:

Svo mælir Jehóva: Meðan eigi er fullnægt
heilögum leyndardómi friðþægingarinnar,
er öllu mannkyninu útskúfað
og það svipt eilífu lífi.

Duett

Jesus:

So ruhe denn mit ganzer Schwere,
auf mir, mein Vater, dein Gericht.
Gieß über mich den Strom der Leiden,
nur zürne Adams Kindern nicht.

Seraph:

Erschüttert seh' ich den Erhabnen,
in Todesleiden eingehüllt.
Ich bebe, und mich selbst umwehen
die Grabeschauer, die er fühlt.

Jesus, Seraph:

Groß sind die Qual, die Angst, die Schrecken
die Gottes Hand auf mich/ihn ergiesst;
doch größer noch ist meine/seine Liebe,
mit der mein/sein Herz die Welt umschließt!

4. Rezitativ und Chor

Rezitativ

Jesus:

Willkommen, Tod, den ich am Kreuze
zum Heil der Menschen blutend sterbe!
O seid in eurer kühlen Gruft gesegnet,
die ein ew'ger Schlaf in seinen Armen hält,
ihr werdet froh zur Seligkeit erwachen.

Chor

Chor der Krieger:

Wir haben ihn gesehen
nach diesem Berge gehen,
entfliehen kann er nicht,
sein wartet das Gericht.

Dúett

Jesús:

Hvíli þá, faðir minn, dómur þinn
á mér með fullum þunga.
Úthelltu yfir mig flaumi þjáningarinnar,
en reiðstu eigi Adams börnum.

Ljósengill:

Ég sé hinn upphafna yfirkominn,
hulinn í dauðakvalræði.
Ég skelf, og um mig leikur
grafarhrollurinn sem hann finnur.

Jesús, ljósengill:

Mikil er kvölin, angistin, óttinn
sem hönd guðs úthellir yfir mig/hann;
en ennþá meiri er kærleikurinn
sem umvefur heiminn frá hjarta mínu/hans!

4. Söngles og kór

Söngles

Jesús:

Velkominn, dauði, sem ég dey
blæðandi á krossi til heilla mannkyninu!
Ó megid þér vera blessuð í svalri gröf,
þér sem eilífur svefn umvefur örmum sínum,
þér munuð vakna glöð til himnasælu.

Kór

Kór hermanna:

Við höfum séð hann
ganga til þessa fjalls,
honum er ekki undankomu auðið,
hans bíður dómurinn.

5. Rezitativ und Chor

Rezitativ

Jesus:

Die mich zu fangen ausgezogen sind,
sie nahen nun.

Mein Vater! O führ' in schnellem Flug
der Leiden Stunden an mir vorüber,
daß sie fliehn, rasch, wie die Wolken,
die ein Sturmwind treibt,
an deinen Himmeln ziehn.
Doch nicht mein Wille, nein,
dein Wille nur geschehe.

Chor

Chor der Krieger:

Hier ist er, der Verbannte,
der sich im Volke kühn
der Juden König nannte;
ergreift und bindet ihn!

Chor der Jünger:

Was soll der Lärm bedeuten?
Es ist um uns geschehn!
Umringt von rauhen Kriegern,
wie wird es uns ergeh'n?

Erbarmen, ach, Erbarmen!
Es ist um uns geschehn!
Wie wird es uns ergeh'n?

6. Rezitativ, Terzett und Chor

Rezitativ

Petrus:

Nicht ungestraft soll der Verweg'nen Schar
dich Herrlichen, dich
meinen Freund und Meister,
mit frecher Hand ergreifen.

5. Söngles og kór

Söngles

Jesús:

Þeir sem eru lagðir af stað til að handtaka mig,
þeir nálgast nú.

Faðir minn! Beindu kvalastundunum
framhjá á hröðu flugi,
svo að þær flýi, hratt, eins og skýin,
sem stórviðri rekur á braut,
þjóta yfir himin þinn.
En eigi þó sem ég vil, nei,
verði þinn vilji.

Kór

Kór hermanna:

Hér er hann, hinn útlægi,
sem dirfðist meðal alþýðu
að nefna sig konung gyðinga;
grípið hann og bindið hann!

Kór lærisveinanna:

Hvað þýðir þessi skarkali?
Það er úti um okkur!
Við eru umkringdir ruddalegum hermönnum,
hvað verður um okkur?

Miskunn, æ, miskunn!
Það er úti um okkur!
Hvað verður um okkur?

6. Söngles, tersett og kór

Söngles

Pétur:

Eigi skal þessi fifldjarfi flokkur
taka þig, dýrðlegan
vin minn og meistara,
bíraefnum höndum án refsingar.

Jesus:

O lass dein Schwert in seiner Scheide ruhn;
wenn es der Wille meines Vaters wäre,
aus der Gewalt der Feinde mich zu retten,
so würden Legionen Engel
bereit zu meiner Rettung sein.

Terzett

Petrus:

In meinen Adern wühlen
gerechter Zorn und Wut;
laß meine Rache kühlen
in der Verweg'nen Blut!

Jesus:

Du sollst nicht Rache üben,
ich lehrt' euch bloss allein,
die Menschen alle lieben,
dem Feinde gern verzeihn!

Seraph:

Merk' auf, o Mensch, und höre:
Nur eines Gottes Mund
macht solche heil'ge Lehre
der Nächstenliebe kund.

Seraph, Jesus:

O Menschenkinder fasset
dies heilige Gebot:
liebt jenen, der euch hasset,
nur so gefällt ihr Gott!

Seraph, Jesus, Petrus:

O Menschenkinder fasset
dies heilige Gebot:
liebt jenen, der euch hasset,
nur so gefällt ihr Gott!

Jesús:

Ó lát sverð þitt hvílast í slíðrum sínum;
ef það væri vilji föður míns
að bjarga mér frá ofbeldi óvinanna,
þá væru herskarar engla
reiðubúnir til björgunar.

Tersett

Pétur:

Í æðum mínum ólga
réttlát gremja og reiði;
lát hefnd mína svalast
í blóði ofurhuganna!

Jesús:

Þú skalt eigi iðka hefnd,
ég kenndi yður einungis
að elska alla menn,
og fyrirgefa óvininum fúslega!

Ljósengill:

Tak eftir, ó mannkyn, og heyr:
Aðeins úr guðlegum munni
er kunngjörð jafnheilög kenning
um náungakærleika.

Ljósengill, Jesús:

Ó mannanna börn, meðtakið
þetta heilaga boðorð:
Elskið þann sem hatar yður,
einungis þannig fallið þér guði í geð.

Ljósengill, Jesús, Pétur:

Ó mannanna börn, meðtakið
þetta heilaga boðorð:
Elskið þann sem hatar yður,
einungis þannig fallið þér guði í geð.

Chor

Chor der Krieger:

Auf! Auf! ergreifet den Verräter,
weilet hier nun länger nicht,
fort jetzt mit dem Missetäter,
schleppt ihn schleunig vor Gericht!

Chor der Jünger:

Ach, wir werden seinetwegen
auch gehaßt, verfolgt sein.
Man wird uns in Bande legen
martern und dem Tode weihn.

Jesus:

Meine Qual ist bald verschwunden,
der Erlösung Werk vollbracht,
bald ist gänzlich überwunden
und besiegt der Hölle Macht.

Chor der Engel:

Welten singen Dank und Ehre
dem erhab'nen Gottessohn.
Preisest ihn, ihr Engelchöre,
laut im heil'gen Jubelton.

Franz Xaver Huber

Kór

Kór hermanna:

Af stað! Af stað! Grípið svikarann,
dveljið ekki lengur hér,
á braut nú með misgjörðamanninn,
dragið hann snarlega fyrir dómstól!

Kór lærisveinanna:

Æ, hans vegna verðum við
líka hataðir og ofsóttir.
Við verðum lagðir í fjötra,
pyntaðir og dauðanum vígðir.

Jesús:

Píslarvætti mitt er brátt á enda,
endurlausnarstarfið fullkomnað,
brátt hefur vald vítis verið
yfirrunnið og fullsigrað.

Kór englanna:

Veraldir syngja þökk og lofgjörð
hinum háleita guðssyni.
Lofsyngið hann, englakórar,
hátt með heilögum fagnaðartónum.

Reynir Axelsson þýddi

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 540 3285, www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf

Kór á tónleikum

8. & 9. nóvember 2012

SÓPRAN

Alexandra Kjeld
Anna Samúelsdóttir
Ása Bryndís Guðmundsdóttir
Ása Valgerður Sigurðardóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Björg Þórsdóttir
Bryndís Erlingsdóttir
Elva Dögg Melsteð
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Hrafnhildur Linnet Runólfsdóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Sarka Wohlmuthová
Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir

ALT

Anna Lilja Torfadóttir
Carina Kramer
Guðrún Finnbjarnardóttir
Helga Brá Árnadóttir
Hildur Guðný Ásgeirsdóttir
Hrafnhildur Þórólfsdóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Valgerður Ólafsdóttir

TENÓR

Andrés Narfi Andrésson
Ágúst Arnórsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Björn Thorarensen
Guðmundur Vignir Karlsson
Hafsteinn Már Einarsson
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson
Halldór Hauksson
Helgi Steinar Helgason
Hjálmar Benónýsson
Hjalti Þór Þórssen
Ingvar Jón Bates Gíslason
Magnús Gíslason
Pétur Húni Björnsson
Stefán Ólafsson
Víkinger Viðarsson
Þórhallur Helgason
Þórhallur Vilhjálmsen

BASSI

Atli Freyr Steinþórsson
Eðvarð Ingólfsson
Einar Örn Einarsson
Eric Heinen
Gunnar Örn Gunnarsson
Gylfi Hafsteinsson
Hrólfur Gestsson
Marcin Jan Cieslinski
Martin Kollmar
Sveinn Ingi Reynisson
Sverrir Jónsson



ENNEMM / SJIA / NM54421

Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS

Hljómsveit á tónleikum

8. & 9. nóvember 2012

1. FIDLA

Gerður Gunnarsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Ágústa María Jónsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rut Ingólfssdóttir
Andrzej Kleina
Martin Frewer
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. FIDLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Greta Guðnadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Mark Reedman

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Vigdís Másdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Lovísa Fjeldsted
Inga Rós Ingólfssdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Dean Ferrell
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Magnea Árnadóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir
Gillian Haworth

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson
Grimur Helgason
Ármann Helgason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir
Sturlaugur Jón Björnsson

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
Einar Jónsson
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron
Finnbgi Óskarsson

PÁKUR / SLAGVERK

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason



FRANZ SCHUBERT
Winterreise

KRISTINN SIGMUNDSSON & VÍKINGUR ÓLAFSSON



ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

NORÐURLJÓS 16. NÓV. KL. 20

Kristinn Sigmundsson & Víkingur Heiðar Ólafsson

Verk eftir Schumann, Mahler og Wolf.

Miðasala á harpa.is



DIRRINDÍ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Aðventutónleikar Messías



Mið. 05. DES. '12 » 19:30

Fim. 06. DES. '12 » 19:30

Georg Friedrich Händel *Messías*

Nicholas Kraemer hljómsveitarstjóri

Helen-Jane Howells, Marianne Beate Kielland,

James Gilchrist og Roderick Williams einsöngvarar

Kór Áskirkju, Magnús Ragnarsson kórstjóri

Óratórían *Messías* er eitt frægasta tónverk sem samið hefur verið og er víða ómissandi þáttur í jólaundirbúningnum. Fá meistaraverk sígildrar tónlistar eru jafn oft flutt við þvílíkar vinsældir og óratoría Händels.

Tryggðu þér miða á einstaka aðventutónleika!